**Sþ. 944. Tillaga til þingsályktunar**

um ríkisábyrgð á rafveituláni fyrir Sauðárkrókshrepp.

(Eftir fyrri umr.).

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að tveggja millj. króna lán, sem Sauðárkrókshreppur tekur til rafvirkjunar Gönguskarðsár og til þess að standast kostnað við endurbætur á rafleiðslukerfi kauptúnsins. Ábyrgð þessi má þó ekki ná til hærri fjárhæðar en nema mundi 85% af stofnkostnaði rafveitunnar.